

um vísindasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI

Stofnun og verksvið vísindasjóðs.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist vísindasjóður. Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag úr menningarsjóði, a. m. k. 800 þús. kr. A. m. k. 5% af árlegum peningatekjum vísindasjóðs skulu lögð í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má aldrei skerða, en heimilt er að verja vöxtum af fé stofndeildar til almennrar starfsemi sjóðsins.

2. gr.

Það er hlutverk vísindasjóðs að efla íslenskar vísindarannsóknir.

Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn:

- a. Einstaklinga eða vísindastofnanir vegna tiltekinna rannsóknaverkefna.
- b. Kandídata til vísindalegs sérnáms og þjálfunar.
- c. Rannsóknastofnanir til kaupa á tækjum, ritum eða rannsóknæfnum.

II. KAFLI

Skipulag og stjórn vísindasjóðs.

3. gr.

Vísindasjóður greinist í tvær deildir, raunvísindadeild og hugvísindadeild. Raunvísindadeild annast styrkveitingar til rannsókna á sviði náttúruvísinda, þar með taldar eðlisfræði og kjarnorkuvísindi, efnafræði, stærðfræði, læknisfræði, líffræði, lífeðlisfræði, jarðfræði, dýrafræði, grasufræði, búvísindi, fiskifræði, verkfræði og tæknifræði.

Hugvísindadeild annast styrkveitingar á sviði sagnfræði, bókmennta, málvísinda, félagsfræði, lögfræði, hagfræði, heimspeki, guðfræði, sálfræði og uppeldisfræði.

4. gr.

Stjórn vísindasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 þeirra ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar, en formaður og varaformaður skulu skipaðir af menntamálaráðherra.

Stjórn vísindasjóðs er í fyrirsvari fyrir sjóðinn gagnvart stjórnarvöldum og öðrum aðilum og sér um fjárvörzlu sjóðsins. Hún ákveður einnig, hvernig skipta skuli fjárframlagi til vísindasjóðs á milli deilda hans, og setur, að höfðu samráði við menntamálaráðherra, reglur um verkefnaval og styrkveitingar úr sjóðnum, en deildarstjórnirnar úthluta síðan fénu til einstakra verkefna og framkvæmda, sbr. 6. gr.

Stjórn vísindasjóðs skal vera ólaunuð.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar deildarstjórnir til fjögurra ára samkvæmt því sem hér segir:

- a. Stjórn raunvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af rannsóknaráði ríkisins, einn af læknadeild Háskóla Íslands, einn af verkfræðideild Háskóla Íslands og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum, sem fást við rannsóknir á sviði raunvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal ákveðið í reglugerð, hverja þangað skuli boða.
- b. Stjórn hugvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Heimspekideild Háskóla Íslands tilnefnir tvo, laga- og hagfræðideild einn og Félag íslenskra fræða einn.
- c. Menntamálaráðherra skipar formenn deildarstjórna án tilnefningar.
- d. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

6. gr.

Deildarstjórnir úthluta styrkjum hvor úr sínum hluta vísindasjóðs og hafa eftirlit með því, að þeim sé varið í samræmi við það, sem áskilið var, er þeir voru veittir. Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Stjórn deildar getur þó boðið vísindamanni eða forráðamanni rannsóknastofnunar fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Styrkur er veittur til eins árs í senn, en heimilt er að endurveita hann.

Stjórn deildar getur átt frumkvæði að rannsóknum á tilteknum efnum og skipulagt þær.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar vísindasjóðs.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.